

# Á landsfund í fyrsta sinn

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs 2011

Kæri félagi, ef þú situr þinn fyrsta landsfund gætu þessar upplýsingar gagnast þér.

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs fer með æðstu mál innan flokksins. Fundurinn er vettvangur félaga til að hafa áhrif á stefnuna og áherslur næstu tveggja ára og er niðurstaða landsfundarins í takt við virkni félaga á fundinum og þær skoðanir sem fram eru settar. Það er því æskilegt að landsfundafulltrúar komi vel búnir undir fundinn.

Eins og dagskráin ber með sér hefst landsfundurinn á því að starfsfólk fundarins er kosið, kjörbréf samþykkt og málin sem verða til umfjöllunar lögð fyrir fundinn. Klukkan 17 verður svo opunarhátíðin en allir eru boðnir hjartanlega velkomnir þangað, hvort sem þeir eru landsfundafulltrúar eða bara áhugafólk um Vinstri græn. Að loknu matarhléi á föstudegi eru ályktanir og lagabreytingar kynntar af ályktanahópi og lagabreytinganefnd, en klukkan 21 hefjast almennar stjórn málaumræður. Þá er tónninn sleginn fyrir landsfundinn og öll mál eru á dagskrá. Gott er að fólk sé búið undir umræðurnar með skrifaðar ræður þar sem hjartans málin eru reifuð. Um leið og mælendaskrá er opnuð, er ágætt að gefa fundastjórum merki ef ætlunin er að taka til máls því mælendaskráin verður fljótt þétt skipuð. Fulltrúar hafa fáeinar mínútur til ráðstöfunar.

Ef landsfundarfulltrúar vilja koma á framfæri ályktunum eru almennar stjórn málaumræður fyrsta tækifærið til að kynna þær. Í málefnaþópunum er tækifæri til að fylgja þeim eftir, enda eru oft gefandi og fjörugar umræður í hópastarfinu. Hóparnir skila svo niðurstöðum sem kynntar eru fundinum á sunnudegi. Þau sem vilja leggja fram breytingatillögur við ályktanir þurfa að gera það skriflega fyrir klukkan 13 á laugardag.

Lagabreytingar eru fyrirferðarmiklar á þessum landsfundi en lagabreytinganefnd hefur verið starfandi síðan í haust og voru félagar hvattir til að senda nefndinni tillögur að lagabreytingum. Lagabreytingar verða eins og áður segir kynntar á föstudagskvöld en afgreiðsla þeirra er á dagskrá á laugardagsmorgni.

Á landsfundinum er starfandi uppstillinganefnd með fulltrúum úr öllum kjördæmum auk ungliða. Uppstillinganefndin hefur það verkefni að bera fram tillögur að skipan stjórnar flokksins og landsfundakjörunum fulltrúum í flokksráð. Ef þú hefur áhuga á að bjóða þig fram, endileg láttu uppstillinganefnd vita sem fyrst.

Að sitja sem landsfundarfulltrúi getur verið mikil vinna en aldrei má gleyma þeim tilgangi fundarins að félagar hittist, ræði málin inni í fundasalnum og utan hans og hafi gaman af félagsskap hvers annars. Má þar minna á Landsfundarskemmtunina sem fram fer á laugardagskvöldi. Félagslíf og skemmtun er því stór hluti af landsfundinum ásamt gjöflli málefnavinnu.

Sjáumst á landsfundi,  
Auður Lilja Erlingsdóttir  
Framkvæmdastýra Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs